

Meira kaup fyrir minni vinnu

Þorvaldur Gylfason*

Sagt hefur verið, að eini munurinn á ríku fólki og fátæku sé sá, að ríka fólkið eigi meira af peningum. Þetta má til sanns vegar færa, svo langt sem það nær, en það nær samt ekki alla leið að glöggum skilningi á muninum á ríkidæmi og fátækt. Flest fólk getur jafnan hugsað sér að taka út aukna hagsæld í öðru en beinhörðum peningum, til dæmis í minna vinnuálagi og auknum tómstundum. Vinnulaun á líðandi stund eru þess vegna ekki einhlítur mælikvarði á kaup og kjör, heldur þarf einnig að taka vinnutímann – fyrirhöfnina á bak við vinnulaunin – með í reikninginn. Þetta er stórmál.

Sagan sýnir, að Evrópuþjóðirnar hafa margar tekið út aukna hagsæld á báða vegu: með meira kaupi og minni vinnu. Þetta er enginn sérstakur galdur, heldur bara spurning um að fara millivegin. Síðan 1950 hafa þýzkir launþegar að jafnaði minnkað við sig vinnu um sautján klukkustundir á ári borið saman við fimmtán stundir í Hollandi, fjórtán á Írlandi, tólf á Íslandi og í Noregi, ellefu í Frakklandi, tíu í Danmörku, níu á Bretlandi, átta í Svíþjóð, sjö í Finnlandi, sex á Ítalíu, fimm á Spáni og þrjár og hálf klukkustund í Bandaríkjunum. Evrópumenn hafa því flestir í miklu ríkari mæli en Bandaríkjamenn tekið út aukna hagsæld síðan 1950 í rýmri tómstundum og ekki aðeins í hærri tekjum og meiri neyzlu. Hvers vegna gerðist þetta í Evrópu og ekki í Bandaríkjunum? Til þess liggja trúlega ýmsar staðbundnar ástæður. Kannski eru Bandaríkjamenn iðnari – vinnuglaðari! – en Evrópumenn, en sé svo, er það nýtilkomið, því að Evrópumenn unnu yfirleitt lengri vinnuviku en Bandaríkjamenn 1950. Kannski er vinnumeningin meiri í Bandaríkjunum og þá um leið þörf launþega fyrir að leggja sig fram fyrir fyrirtækin líkt og í Japan, þar sem vinnustundum hefur fækkað um fjórar á ári síðan 1950. Kannski dregur þung skattbyrði í Evrópu úr vinnuviljanum þar. Kannski hamlar árangursrík barátta evrópskra verklyðsfélaga fyrir háum launum eftirspurn fyrirtækjanna eftir vinnuafli, svo að vinnan skreppur saman. Og kannski dregur skortur á víðtækum almannatryggingum vestra úr áræði á vinnumarkaði, svo að bandarískir launþegar þora ekki annað en að vinna sem allra mest til að vera við öllu búnir. Líklegast er, að allar þessar skýringar eigi við í ýmsum hlutföllum.

Stöldrúm við lokaskýringuna, sem varðar skort á víðtækum almannatryggingum í Bandaríkjunum, þar sem nærri 50 milljónir manna hafa enga heilbrigðistryggingu og helmingur atvinnulausra nýtur engra atvinnuleysisbóta. Ef meðfylgjandi öryggisleysi knýr fólk til að vinna eins mikið og það getur, hlýtur það að fylgja, að þéttriðið öryggisnet evrópskra alþýðutrygginga veiti launþegum aukið svigrúm til að minnka við sig vinnu með því til dæmis að láta dagvinnuna duga eða fara fyrir á eftirlaun en ella eftir vild. Þetta hangir saman. Þótt landsframleiðsla á mann sé enn sem fyrr meiri í Bandaríkjunum en í Evrópu að

* Prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands.

fjármálamiðstöðinni Lúxemborg einni undanskilinni, er landsframleiðsla á hverja vinnustund nú orðin meiri í sjö, bráðum átta Evrópulöndum en í Bandaríkjunum. Landsframleiðsla á mann er því marki brennd sem lífskjarakvarði, að hún tekur tómsundur ekki með í reikninginn og nær því ekki að fanga þá lífskjarabót, sem felst í minni vinnu við gefnum tekjum. Landsframleiðsla á vinnustund er víðtækari kjarakvarði en framleiðsla á mann, þar eð framleiðsla á vinnustund nær yfir hvort tveggja: meiri tekjur fyrir tiltekna vinnu og minni vinnu – fleiri tómsundur! – við gefnum tekjum. Það er að vísu ýmsum annmörkum háð að telja vinnustundur á sambærilegan hátt land úr landi, því að sums staðar tíðkast til dæmis að draga matartíma og kaffitíma frá vinnustundum og annars staðar ekki. Tölnar, sem hér eru raktar, eru sóttar til Háskólans í Groningen í Hollandi, þar sem hópur hagfræðinga hefur safnað viðeigandi vinnutímatölum víðs vegar að og reynt að gera þær sem sambærilegastar. Mat þeirra á vinnutíma tekur greiddar yfirvinnustundur með í reikninginn og skilur út undan greiddar, óunnar vinnustundur – óunnar vegna veikinda, sumarleyfa, orlofs og þess háttar.


Takið eftir tölunum um Ísland á myndum 1 og 2. Þótt vinnustundum hafi fækkað hér heima um tólf á ári síðan 1950, vinna Íslendingar ennþá manna mest í Vestur-Evrópu, jafnmikið og Bandaríkjamenn. Hvernig stendur á því? Ein skýringin er sú, að hér er sem betur fer næga vinnu að fá eins og oftast áður. Menntu eru frjálssir að því að vinna eins mikið og þá lystir. Við þetta bætist, að vinnandi fólk þarf að leggja hart að sér til að ná endum saman vegna ýmslegrar óhagkvæmni, sem Íslendingar kjósa enn sem fyrr að leggja hverjir á aðra. Óhagkvæmnin birtist til dæmis í úreltu landbúnaðarkerfi, sem heldur innlendu matarverði hátt yfir heimsmarkaðsverði, veikri hagstjórn, sem ræður ekki við verðbólguna og grefur þannig undan hagvextinum til langs tíma litið, og fákeppni á fjármálamarkaði, sem heldur vöxtum heima fyrir hátt yfir heimsvöxtum. Þennan lista mætti lengja.

Flestir launþegar tækju því fagnandi, veittist þeim kostur á að vinna minna fyrir sömu laun. En þeim býðst það ekki, því að fyrirtækin hafa ekki ráð á að borga brúsann og ekki heldur ríkið, stærsti einstaki vinnuveitandinn. Skuldaförnun þjóðarinnar í útlöndum er angí á sama meiddi. Launin duga ekki til að halda uppi þeim lífskjörum, sem fólkíð sækist eftir, og bilið er brúað með lántökum. Ofveiddi til sjós var og er sama saga.


Hagkvæmara búskaparlag myndi breyta þessu. Ef matarverð lækkaði í skjóli breyttrar landbúnaðarstefnu og verðbólga og vextir lækkuðu í krafti betri hagstjórnar og aukinnar samkeppni, þyrftu launþegar ekki lengur að vinna myrkanna á milli og sökkva sér í skuldir. Þeir kæmu þá fyrr heim úr vinnunni á kvöldin og hefðu rýmri tíma til að sinna börnunum sínum, fjölskyldum og vinum – og sjálfum sér, því að vinnukvöðin hefur haldið aftur af menntun mannaflans og vinnuafköstum. Tölur sýna, að um 40% einstaklinga á aldrinum 25-64 ára hafa látið sér duga grunnskólamenntun eða minna, en það gerir um 48.000 manns. Svo er til viðmiðunar ástatt um 12% til 19% einstaklinga á sama aldri í Danmörku, Noregi og Svíþjóð samkvæmt upplýsingum OECD. Margt af þessu fólkí þarfnast frekari menntunar til að opna sér leið að betur launuðum störfum í síharðnandi samkeppni á vinnuarkaði. Og það þarf tíma til að afla sér nauðsynlegrar endurmenntunar – tíma frá vinnu. Leifarnar af

ýmislegri óhagkvæmni í búskaparlagi landsins halda áfram að binda fólk um of við vinnu sína og meina því þannig aðgang að frekari menntun og starfsþjálfun. Minna vinnuálag myndi auk annars búa í haginn fyrir meiri og betri starfsmenntun.

Hvað er til ráða? Launþegar þurfa að skoða minni vinnu sem lífskjarabót líkt og meira kaup og haga kjarasamningum við vinnuveitendur eftir því. Vinnandi fólk þarf ennfremur að leggjast á eitt til að laða vinnuveitendur og stjórnvöld til nauðsynlegra umbóta til að skapa skilyrði til þess, að vinnuveitendur ráði við að greiða meira kaup fyrir minni vinnu. Þess vegna láta verklýðssamtök hér heima og annars staðar ýmis önnur mál en kaup og kjör í þröngum skilningi til sín taka. Þess vegna börðust alþýðusamtökin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð við hlið vinnuveitenda fyrir aðild landa sinna að Evrópusambandinu og höfðu sigur alls staðar nema í Noregi. Launþegasamtökin skildu, að aðild að Evrópusambandinu myndi halda aftur af okri og hafa þannig hemil á verðlagi, lækka vexti og gera fyrirtækjunum kleift að greiða meira kaup fyrir minni vinnu. Þetta tókst, meðal annars fyrir atbeina norrænna verklýðsfélaga. Hví skyldu íslensk launþegasamtök ekki vilja fara sömu leið? – í landi, þar sem vinnuálag er enn sem endranær meira en alls staðar annars staðar í Vestur-Evrópu.



Mynd 1. Vinnustundir 2005
 (Heimild: Háskólinn í Groningen, www.ggdc.net)



Mynd 2. Vinnustundir 1950
 (Heimild: Háskólinn í Groningen, www.ggdc.net)